



Hreppsnefnd 27.05.04

Hreppsnefndarfundur fimmtudaginn 27. maí
2004 kl. 14.00 í Miklagarði

Mættir voru Emil Sigurjónsson oddviti, Aðalbjörn Björnsson, Ellert Árnson, Björn Halldórsson, Borghildur Sverrisdóttir, Sigurveig Róbertsdóttir og Ólafur Ármannsson. Jafnframt var mættur Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 6. maí sl.

Fundargerð hreppsnefndar frá 6. maí sl. lögð fram. Meðal annars spurst fyrir um fund með Óbyggðanefnd og einnig um fyrirkomulag lögreglumála á Vopnafirði og hvort ekki væri æskilegt að hreppsnefnd sendi frá sér ályktun varðandi þau mál.

Fundargerðin síðan samþykkt með 7 atkv.

2. mál Fundargerð skólanefndar frá 6. maí sl.

Gerð grein fyrir því að tilraun verður gerð á næsta skólaári með flutning á jólaprófum þar til eftir jól. Skólastjóri skýrði hvað lægi að baki.

Einnig spurst fyrir um starfsmannamál. Skólastjóri gerði grein fyrir þeim.

Fundargerðin síðan samþykkt með 7 atkv.

3. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 10. maí sl.

Lögð fram fundargerð bygginganefndar frá 10. maí sl. Fundargerðin rædd og samþykkt með 7 atkv.

4. mál. Aðalfundur SSA dagana 16. og 17. sept. 2004. Kosning fulltrúa.

Lagt fram bréf SSA dags. 6. maí sl., þar sem tilkynnt er um aðalfund SSA, sem haldinn verður dagana 16. og 17. september nk. á Hótel Héraði Egilsstöðum.

Tillaga var gerð um að aðalfulltrúar Vopnafjarðarhrepps á fundinum verði: Emil Sigurjónsson, Aðalbjörn Björnsson og Steindór Sveinsson og til vara verði Borghildur Sverrisdóttir, Ólafur Ármannsson og Björn Halldórsson.

Öllum hreppsnefndarmönnum er að sjálfsgöðu boðin þátttaka á fundinum.

Samþykkt með 7 atkv.

5. mál. KSÍ úthlutanir sparkvalla.

Lagt fram yfirlit um úthlutanir sparkvalla í samvinnu KSÍ og sveitarfélaganna, en þar kemur m.a. fram að slíkum velli var úthlutað til Vopnafjarðar.

Nokkrar umræður urðu um framkvæmdahraða á viðkomandi framkvæmd. Vopnafjarðarhreppur fagnar þessu framtaki KSÍ

6. mál. Bréf Norður-Héraðs varðandi brunavarnir dags. 4. maí 2004

Hreppsnefndarmenn voru sammála um að það væri furðulegt að fá sendingar sem þessar.

Tillaga kom fram um að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.

Oddvita og sveitarstjóra falið að semja bókun sem taki mið af umræðum á fundinum.

7. mál. Lánasjóður Sveitarfélaga bréf dags. 3. maí sl. varðandi veitingu lána.

Tekið fyrir bréf Lánasjóðs Sveitarfélaga frá 12. maí sl. Í bréfinu er tilkynnt að stjórn Lánasjóðsins hafi samþykkt að veita Vopnafjarðarhrepp lán annars vegar af eigin ráðstöfunarfé sjóðsins að

fjárhæð 18 m.kr. og hins vegar af endurlánafé sjóðsins að fjárhæð 12 m.kr. til skuldbreytinga.
Lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að taka umrædd lán hjá Lánasjóði Sveitarfélaga í samræmi við úthlutun stjórnar sjóðsins, samtals að fjárhæð 30 m. kr. Af þessari fjárhæð eru 18 m.kr. lánsins í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum, nú 4,5 %, tryggt með vísitölu neysluverðs og til allt að 15 ára, og 12 m.kr. eru einnig í íslenskum krónum, en með 4,23 % föstum vöxtum. Í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins samþykkir hreppsnefnd ennfrémur að veita tryggingu í tekjum sveitarfélagsins, vegna lántökunnar sbr. 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og laga um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 35/1966. Sveitarstjóra er falið að ganga frá lántökunum og undirrita nauðsynlega pappíra í því sambandi.”

All miklar umræður urðu um fyrirbyggjandi tillögu, skuldastöðu sveitarfélagsins o.fl. Óskað var eftir yfirliti yfir heildarskuldir sveitarfélagsins.

Fyrirbyggjandi tillaga síðan borin upp og samþykkt með 7 atkv.

Aðalbjörn Björnsson yfirgaf fundinn kl. 16.55

8. mál. Hótel Tangi Verksamningur.

Lagður fram verksamningur við Mælifell ehf. um endurbætur og lagfæringu á Hótel Tanga, Vopnafirði. Samningsfjárhæðin er 24.500.000 kr.

Fyrirbyggjandi samningur samþykktur með 5 atkvæðum, þar sem Ólafur Ármannsson tók ekki þátt í atkvæðagreiðslu og Aðalbjörn hafði yfirgefið fund.

9. mál Ýmis mál og fundargerðir.

a) Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Austurlands frá 12. maí sl.
Lagt fram til kynningar

b) Efling sveitarstjórnarstigsins, fundargerðir frá þjónustusvæðum SSA.
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.